

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 18/94
frá 28. október 1994**

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EB frá 30. maí 1994 um innlánatryggingakerfi⁽¹⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi nýr liður bætist við 19. lið (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/31/EBE) í IX. viðauka við samninginn:

„19a. 394 L 0019: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EB frá 30. maí 1994 um innlánatryggingakerfi (Stjtið. EB nr. L 135, 31. 5. 1994, bls. 5).“

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 135, 31. 5. 1994, bls. 5.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EB á finnsku, íslensku, norsku og sænsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hverju máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 15. desember 1994, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 28. október 1994.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

H. Hafstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

M. Sucker